

Ályktun málfings skólamálaráðs Kennarasambands Íslands um náms- og kennslugögn haldið 5. september 2017 í Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7, Reykjavík.

Skóli framtíðar – námsgögn fortíðar?

Eru náms- og kennslugögn í takt við þarfir nemenda og kennara?

Fundurinn hefur kynnt sér stöðuna á náms- og kennslugögnum í skólakerfinu út frá framboði, aðgengi, gæðum, fjölbreytileika og kostnaði.

Fundurinn telur löngu tímabært að ráðist verði í aðgerðir til að auka framboð á vönduðum og fjölbreyttum náms- og kennslugögnum sem haldast í hendur við markmið um menntun við hæfi og styðja við starf kennara og þróun náms og kennslu.

Fundurinn leggur fast að mennta- og menningarmálaráðherra að hafa forgöngu um þetta í samstarfi við Alþingi, Menntamálastofnun, sveitarfélög, kennarasamtökin og faggreinafélög kennara.

Fundurinn undirstrikar eftirfarandi aðgerðir í þessu skyni:

- Að náms- og kennslugögn verði nemendum að kostnaðarlausu frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla og í tónlistarskólum til að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag og aðstæðum.
- Að virkjuð verði heimild í lögum um Menntamálastofnun um gerð og miðlun náms- og kennslugagna fyrir öll skólastig.
- Að bæta aðgengi nemenda að tölvum og tækniúnaði í skólunum.
- Að skattur á bækur verði afnuminn.
- Að gerð verði úttekt á stöðu náms- og kennslugagna í skólakerfinu og á þörfum nemenda, kennara og skóla fyrir vönduð og fjölbreytt náms- og kennslugögn.
- Að úttekt verði gerð á Þróunarsjóði námsgagna og Námsgagnasjóði grunnskóla með það að markmiði að sjóðirnir geti sem best sinnt þörfum nemenda, kennara og skóla á öllum skólastigum fyrir vönduð og fjölbreytt náms- og kennslugögn.
- Að kannaðar verði fyrirmyndir hjá öðrum löndum sem standa framarlega á sviði náms- og kennslugagnagerðar fyrir nemendur og kennara út frá framboði, aðgengi, gæðum, fjölbreytileika og gjaldfrelsi nemenda og foreldra.
- Að unnið verði að úrbótum á grundvelli ofangreindra úttekta og kannana og stefna sett um útgáfu náms- og kennslugagna fyrir skólakerfið og aðgerðaáætlun með skilgreindum fjárframlögum með áherslu á framboð, aðgengi, gæði, fjölbreytileika og gjaldfrelsi nemenda og foreldra.
- Að framboð á starfsþróun fyrir kennara verði aukið til að efla þróun náms og kennslu og aðstæður bættar til að sinna starfsþróun á starfstíma skóla og utan.

Menntamálastofnun gegnir mjög mikilvægu hlutverki í gerð og miðlun náms- og kennslugagna sem alls ekki má rýra. Ríkið þarf að styðja vel við starfsemi stofnunarinnar svo hún geti sem best sinnt þörfum allra skólastiga fyrir vandað og fjölbreytt efni.